

**Fjarskipti hf. (nú Sýn hf.)**

Aðalfundardagur: 16. mars 2017

Fundarstaður: Hilton Reykjavík Nordica

Dagskrárliður	Tillaga lögð fram af	Með	Hjáseta	Móti	Athugasemd
1 Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað	Stjórn	✓			
2 Staðfesting ársreiknings	Stjórn	✓			
3 Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins	Stjórn	✓			
4 Tillaga um stefnu um arðgreiðslur / endurkaup eigin hluta	Stjórn	✓			
5 Tillaga um starfskjarastefnu félagsins	Stjórn	✓			Lögð fram bókun
6 Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna	Stjórn	✓			
7 Kosning stjórnar	Stjórn				Sjálfkjörið
8 Kosning í tilnefningarnefnd	Stjórn				Sjálfkjörið
9 Kosning endurskoðanda	Stjórn	✓			


BÓKUN

Gildis-lífeyrissjóðs á aðalfundi Fjarskipta hf. 22.3.2018

Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir því að eftirfarandi verði fært til bókar í fundargerð hluthafafundarins:

1. Samkvæmt hluthafastefnu Gildis telur sjóðurinn rétt við ákvörðun launa forstjóra að líta til innri þátta félags, launadreifingar innan þess og launa sem ætla má að forstjóra bjóðist á þeim markaði sem félagið starfar á. Í þessu samhengi leggur sjóðurinn áherslu á heildarlaun. Fram kemur í starfskjarastefnu Fjarskipta hf. að kjör framkvæmdastjóra skulu vera samkeppnishæf. Ef félög ákveða að notast við árangurstengd launakerfi er eðlilegt að föst laun séu að sama skapi lægri, samanborið við félög þar sem slík árangurstengd kerfi eru ekki til staðar.
2. Samkvæmt hluthafastefnu Gildis er lögð áhersla á að starfskjarastefnur greini hvernig þær styðji við langtímahagsmuni og sjálfbærni félaga og að sett séu fram skýr skilyrði og forsendur fyrir föstum og árangurstengdum launagreiðslum. Mikilvægt er í því samhengi að helstu mælikvarðar komi fram í stefnunni og að þeir séu viðeigandi og á grundvelli þátta sem stjórnendur geta haft áhrif á og/eða stýrt í störfum sínum. Jafnframt er gert ráð fyrir að greint sé frá því hversu háar árangurstengdar launagreiðslur geta orðið, þannig að háþörk og takþörk komi fram í stefnunni sjálfri. Því er beint til stjórnar félagsins að taka starfskjarastefnu félagsins til endurskoðunar með þessi atriði í huga með það að markmiði að lýsa með greinargóðum hætti því launakerfi sem notast er við innan félagsins.
3. Mikilvægt er að stjórn félagsins rökstyðji hverju sinni starfskjör stjórnenda og fjárhæð þeirra, þ.m.t. breytilega launaliði ef þeim er fyrir að fara og breytingar á milli ára ásamt sundurliðun á föstum og breytilegum greiðslum. Af þessum sökum er mikilvægt að gerð sé skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu og að hún sé birt með góðum fyrirvara fyrir aðalfund. Því er beint til stjórnar félagsins að sundurliða framvegis greiðslur til stjórnenda í fastar og breytilegar greiðslur ef svo ber undir og að skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu verði útbúin og hér eftir birt með góðum fyrirvara fyrir aðalfund félagsins.

Reykjavík, 22. mars 2018



Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri